

Borgarráð 23. júní 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um samninga borgarinnar við innheimtufyrirtæki MSS22060187

Hvenær byrjaði Reykjavíkurborg að semja við innheimtufyrirtæki vegna skulda borgarbúa? Og ef það var misjafnt milli sviða borgarinnar, er óskað eftir sundurliðun á tímasetningu þess þegar þau hófu að styðjast við innheimtufyrirtæki. Einnig er óskað eftir því hvaða innheimtufyrirtæki borgin hefur stuðst við og hvernig fyrirkomulagið er hjá fyrirtækjum í meirihlutaeigu Reykjavíkur varðandi þessa þætti. Hvernig var innheimtumálum háttað áður en að Reykjavíkurborg samdi við innheimtufyrirtæki? Fór þetta fram innanhúss?